

Nd.

333. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um skoðun á sild, frá 28. nóv. 1919.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 5. gr. laganna orðist svo:

Yfirmatsmenn skulu vera þrír, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Lónsheiðar. Annar hefir heimili á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir yfirsókn á svæðinu milli Hornbjargs og Lónsheiðar. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fer fram á að fækka yfirsildarmatsmönnum úr fjórum niður í þrjá. Svo sem kunnugt er hafa nú um margra ára skeið verið sáralitlar sildveiðar á Austurlandi, eða á því svæði, sem yfirsildarmatsmaður Austfjarða er skipaður til að hafa á hendi yfirmatsstörf við skoðun á sild. Kostnaður sá, er ríkissjóður hefir því haft af þessari tilhögun, að þarna er skipaður sjerstakur yfirmatsmaður, mun árlega hafa numið nú síðari ár ca. 3000—3800 kr. Þegar nú litið er til þess, hve starfið er ónaudsynlegt, þá virðist fylsta ástæða til að losa ríkissjóð við þessi fjárútlát og fela yfirsildarmatsmanni, sem væntanlega er búsettur á Akureyri, að hafa yfirumsjón með mati á sild einnig fyrir þennan landshluta.